



**Viðtakandi:** Mannréttindaráð  
**Sendandi:** Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 15. apríl 2026

MSS26010138

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn um atvinnutengt frítímastarf fyrir ungmenni með fötlun

Á fundi mannréttindaráðs þann 22. janúar sl., var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistasflokks Íslands, sbr. 3 lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag:

*Fulltrúar samstarfsflokka óska upplýsinga frá menningar- og íþróttasviði um fyrirkomulag um atvinnutengt frítímastarf fyrir ungmenni með fötlun næsta sumar. Einnig er óskað upplýsinga um hvort fjármagn sé tryggt fyrir sumarið 2026?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar menningar- og íþróttasviðs. Óskað var eftir því að svar bærst innan 30 daga frá dagsetningu fyrirspurnar. Beðist er velvirðingar á þeim tölum sem orðið hafa á svörum menningar- og íþróttasviðs.

Fjármálastjóri menningar- og íþróttasviðs fór fyrir fjármálahóp í janúar sl. og vakti athygli á að atvinnutengt frítímastarf fyrir ungmenni með fötlun næsta sumar væru ófjármögðuð og óskaði eftir fjárveitingu til að standa undir kostnaði vegna þeirra. Svör við umræddri beiðni bárust fyrir í þessum mánuði þar sem fram kom að ekki yrði lögð til viðbótar fjárveiting. Í kjölfarið lögðu fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna svohljóðandi tillögu á fundi menningar- og íþróttaráðs, dags. 10. apríl 2026:

*Lagt er til að fötluðum framhaldsskólanemum í þjónustu Hins Hússins verði boðin sumarstörf sumarið 2026. Alls verði varið 18 m.kr. til verkefnisins sem dugi til að bjóða 75 nemendum sumarstörf í fjóra tíma á dag í fjórar vikur.*

Í greinargerð með tillögunni var mælt fyrir um að tillagan verði fjármögðuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingartillögum sem voru lagðar fram á sama fundi af hálfu fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna og samþykktar.

Virðingarfyllst,  
Elín Hrefna Ólafsdóttir  
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða  
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík